

LANGANESBYGGÐ



29. fundur, aukafundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn miðvikudagur 22. nóvember 2017 og hófst klukkan 16:00.

Mættir voru: Jósteynn Hermundsson, Oddur Skúlason, Ari Sigfús Úlfsson, Karl Ásberg Steinsson, Aðalbjörn Arnarson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð.

Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar

1. Grenndarkynning vegna leikskóla

Gögn vegna grenndarkynningar vegna nýrrar leikskólabyggingar lagðar fram ásamt undirrituðu samþykki húseigenda skv. ákvörðun sveitarstjórnar um skilgreiningu á grennd. Einnig voru lagðar fram við teikningar og áætlanir um byggingu leikskóla.

2. Umsóknir um stöðuleyfi

Lagðar fram 11 umsóknir um stöðuleyfi fyrir gáma o.fl. á Bakkafirði og Þórshöfn.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir framlagðar umsóknir til eins árs.

Enn fremur samþykkir nefndin að beina því til sveitarstjórnar að samdar verði reglur er varða stöðuleyfi og gjaldtöku fyrir slíkar heimildir í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

i) Til umsagnar. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, smávirkjanir, aðgerðaráætlun.

Bókun samþykkt: Umhverfis- og skipulagsnefnd fagnar framkomnum hugmyndum um þróun og mögulega uppbyggingu smávirkjana. Samþykkt samhljóða.

ii) Til umsagnar. Umsókn um rekstrarleyfi til sölugistingar, Fjarðarvegur 12.

Fram er lögð beiðni um umsögn vegna umsóknar Lyngholts ehf. um rekstrarleyfi fyrir rekstur gististaðar án veitinga að Fjarðarvegi 12 (Þórshamri).

Bókun um samþykkt: Samþykkt að mæla með framlagðri umsókn svo fremi að hún uppfylli öll skilyrði að öðru leyti.

Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

iii) Framlög teikning með breytingum á húsi við Bakkaveg 2 Þórshöfn. Með teikningunni fylgir samþykki nágranna, eigenda húsa Langanesvegar 11 og 13 og Bakkavegar 1, 3 og 5.

Bókun um samþykkt: Nefndin samþykkir framlagðar teikningar að fyrir sitt leyti. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 16:55.